

327. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, þriðjudaginn 15. september 2026, kl. 16:00.

Mætt: Þuríður B. Ægisdóttir, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Hreinn Ágúst Kristinsson, fulltrúi Reykjanesbæjar, Hermann Jónsson, fulltrúi Suðurnesbæjar og Eðvarð Atli Bjarnason, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari) og J. Trausti Jónsson. Sigurpáll Jóhannsson, fulltrúi atvinnurekenda og Magnús Már Jakobsson, fulltrúi Grindavíkurbæjar komu ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Málefni Premium of Iceland.
2. Framtíð verkefna heilbrigðiseftirlitsins sem verða eftir á sveitarstjórnarstiginu.
3. Starfsmannamál.
4. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Málefni Premium of Iceland.

Lagt fram erindi Premium of Iceland ehf., dags. 18. maí 2026. Heilbrigðisnefnd fer með lokakröfu erindisins sem beiðni um endurupptöku máls sem lauk með ákvörðun nefndarinnar 10. desember 2025 um að hafna skráningu fiskvinnslu félagsins að Brekkustíg 22–24 í Reykjanesbæ.

Að loknu mati á málsástæðum félagsins, gögnum málsins og viðeigandi skipulagsákvæðum synjar heilbrigðisnefnd beiðni um endurupptöku. Nefndin telur hvorki fram komnar nýjar upplýsingar sem gefi tilefni til að ætla að synjunin hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik sem þýðingu hafi haft fyrir niðurstöðuna né verulegar breytingar á atvikum sem geti leitt til endurupptöku samkvæmt 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Nefndin telur jafnframt, af þeim ástæðum sem greinir í samþykktum rökstuðningi, að málsástæður félagsins sýni ekki fram á lagalega annmarka sem gefi tilefni til endurupptöku samkvæmt ólögfestum reglum eða afturköllun samkvæmt 25. gr. laganna.

Nefndin samþykkir rökstuðninginn sem fylgir þessari afgreiðslu og felur embættinu að tilkynna félaginu ákvörðunina ásamt honum og leiðbeiningum um kæruheimild. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála skal jafnframt upplýst um afgreiðsluna vegna máls nr. UUA2606004.

2. Framtíð verkefna heilbrigðiseftirlitsins sem verða eftir á sveitarstjórnarstiginu.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja hefur kynnt sér greiningu á mögulegu fyrirkomulagi eftirstandandi verkefna sveitarfélaganna eftir breytingar á lögum um eftirlit, sem taka gildi 1. janúar 2027. Nefndin telur mikilvægt að sveitarfélögin tryggi áfram faglega, aðgengilega og samræmda þjónustu vegna þeirra verkefna sem verða áfram á ábyrgð sveitarfélaganna, þar á meðal verkefna á sviði umgengni, gæludýrahalds, meindýra, vatnsverndar, skipulagsmála og annarra staðbundinna umhverfismála. Jafnframt þarf að tryggja að staðbundin þekking, gögn og reynsla Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja nýtist við rekstrarskil, gagnaafhendingu, gerð ársreiknings fyrir árið 2026 og úrlausn ólokinna mála.

Nefndin mælir með að sveitarstjórnir taki leið 1, þ.e. að mynda byggðasamlag um þau verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja sem eftir verða á sveitarstjórnarstiginu, til vandlegrar skoðunar.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir vill heilbrigðisnefnd leggja áherslu á að sveitastjórnir fari nú þegar í vinnu við að skipa starfshóp til að greina umfang þeirra verkefna sem áfram verða á ábyrgð sveitarfélaganna eftir breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlitis frá og með 1. janúar 2027.

Nefndin telur sérstaklega brýnt að starfshópurinn meti tímanlega umfang þeirrar vinnu sem fellur til við rekstrarskil, gagnaafhendingu, ársreikning 2026, innheimtu útistandandi krafna, uppgjör samninga og meðferð ólokinna mála.

Heilbrigðisnefnd leggur til að starfshópurinn skili sveitarfélögunum fyrstu sameiginlegu stöðuskýrslu og aðgerðaráætlun eigi síðar en í október 2026, þannig að nauðsynlegar ákvarðanir, samningar, samþykktir, ráðningar og þjónustukaup geti legið fyrir áður en núverandi fyrirkomulag fellur niður um næstu áramót.

Nefndin vill brýna fyrir sveitarstjórnnum að einungis eru 107 dagar eftir af árinu 2026 og nauðsynlegt að vinna hratt til að lágmarka rof á þjónustu við íbúa og fyrirtæki.

3. Starfsmannamál.

Framkvæmdastjóri upplýsti nefndina um stöðuna.

4. Önnur mál.

Ekkert var bókað undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 18:10